



Garðabæ 5. apríl 2018

Varðandi nýja Útílífsmiðstöð Vífils

Berist til bærarstjóra Garðabæjar, Gunnars Einarssonar.

Ágæti bærarstjóri

Í framhaldi af fundi okkar í lok síðasta árs hefur Skátafélagið Vífill yfirfarið þarfagreiningu og grunnlýsingu á nýjum skátaskála sem fyrirhugað er að rísi við Grunnuvötn í Heiðmörk. Við teljum okkur tilbúin til þess að hefja hönnunarferli og nánari viðræður um skipulag og framkvæmdina.

Við teljum enn fremur brýnt að hefja þurfi undirbúning vegagerðar og vatns-, rafmagns- og frárennismála ásamt því að hefja hönnun á húsinu og umhverfinu þess. Óskum við eftir fundi um málið þar sem lagðar verða skýrar línur um framkvæmdina, verkáætlun og tímalínu.

Í meðfylgjandi skjali eru settar fram margvíslegar hugmyndir um fyrirkomulag á útílífsmiðstöðinni og nágrenni ásamt því hvernig þessi aðstaða myndi nýtast sem best. Grunnhugmyndin er skáli fyrir skáta og skátastarf. Til greina kemur að útvíkka þá hugmynd og útílífsmiðstöðin geti þjónað t.d. leik- og grunnskólum og félagasamtökum t.d. Hjálparsveit skáta, auk útivistarmöguleikanna sem svæðið býður uppá. Slík starfsemi kallar á aukið umfang og starfsmannahald. Það er nauðsynlegt að ræða, taka ákvörðun og leggja línur að samstarfssamningi Skátafélagsins Vífils og Garðabæjar um slíka starfsemi.

Tími framkvæmda er runninn upp og ánægjulegt að loks sé búið að merkja ákveðið fjármagn þessu verkefni. Hins vegar má ekki gleyma því að það var fyrir tíu árum, á 40 ára afmælisdegi Vífils sem undirritaður var samningur um nýja útílífsmiðstöð í Heiðmörk. Í apríl á síðasta ári, á 50 ára afmæli félagsins kom loks loforð um efndir og nefndi bærarstjóri að vegna tafanna þurfi að bæta við innbúi í útílífsmiðstöðina og að lagðar yrðu alls 100 milljónir á næstu þremur árum í verkefnið. Er það ósk okkar að framkvæmdinni verði hraðað eins og kostur er og ekki dreift á þriggja ára framkvæmdatímabil. Núverandi skátaskáli, Vífilsbúð í landi Oddfellowa, þarfnast orðið mikils viðhalds svo hægt sé að nota hann þar til nýi skálinn verður tilbúinn og slíkt er kostnaðarsamt og tímafrekt.

Með skátakveðju,
Stjórn Skátafélagsins Vífils